

Reglur ungmennaráðs Hörgársveitar.

I. kafli. Skipan ráðsins, markmið og hlutverk.

1. Ungmennaráð heyrir beint undir sveitarstjórn og er skipað af sveitarstjórn til tveggja ára í senn að fengnum tilnefningum sbr. lið 2. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu, 11. gr. V. kafla í Æskulýðslögum nr. 70 frá 28. mars 2007.
2. Sveitarstjórn Hörgársveitar skipar fimm fulltrúa í ungmennaráð að fengnum tillögum frá eftirfarandi aðilum:
 - Þelamerkurskóli tilnefnir einn fulltrúa á miðstigi og tvo fulltrúa á efsta stigi. Auk þess að velja tvo til vara.
 - Smárinn tilnefnir einn 16-18 ára fulltrúa sem er í framhaldsskóla og einn til vara.
 - Sveitarstjórn tilnefnir einn 16- 18 ára fulltrúa sem er ekki í framhaldsskóla.
 - Berist ekki nógu margar tilnefningar til að ráðið verði fullskipað, skal sveitarstjórn skipa í ráðið án tilnefningar þar til fimm fulltrúar verða í ráðinu.

Við tilnefningar skal leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu og æskilegt er að aldursdreifing sé góð. Tilnefning í ráðið skal gilda frá 1. október til tveggja ára í senn. Meðlimir Ungmennaráðs skulu hafa lögheimili í Hörgársveit og vera á aldrinum 12-18 ára. Æskilegt er að hafa a.m.k. tvo fulltrúa úr grunnskóla, einn úr framhaldsskóla og þá einn af vinnumarkaði.

Tilnefningin skal eiga sér stað fyrir 15. september annað hvert ár þegar að ártal endar á sléttri tölu. Sveitarstjórn staðfestir tilnefninguna skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarskóp Hörgársveitar.

Hætti fulltrúi sökum aldurs, flytji úr sveitarfélaginu eða af öðrum orsökum skal fyrsti varamaður taka sæti hans.

Markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

- að gæta hagsmuna ungs fólks og skapa leið til að koma sjónarmiðum og tillögum þeirra á framfæri við sveitarstjórn.
- að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Hörgársveit og öðrum þeim erindum sem sveitarstjórn vísar til ráðsins.
- að gera tillögur að forvarnarmálum ungmenna og um þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins.

II. kafli Fundir ráðsins og starfshættir.

Fundir í ungmennaráði skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Ungmennaráð fjallar um mál sem sveitarstjórn eða nefndir sveitarfélagsins óska eftir auk annarra mála í samræmi við markmið og hlutverk ráðsins. Starfsmaður sveitarfélagsins er skipaður af sveitarstjórn til að vinna með ungmennaráði og situr hann að jafnaði fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt en gæti hlutleysis. Starfsmaður sveitarfélagsins í ungmennaráðinu boðar til fundar og stýrir fyrsta fundi nýskipaðs ráðs. Allir fulltrúar ráðsins bera jafn mikla ábyrgð og skipta þeir fundarstjórn og ritarastarfi á milli sín. Dagskrá fundar er ákveðin af verðandi fundarstjóra þess fundar ásamt starfsmanni ungmennaráðs. Boðað skal til fundar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara með dagskrá og gögnum um efni fundar eftir því sem við á. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur.

Á fundum ungmennaráðs gildir samþykkt Hörgársveitar nr. 678/2013 frá 1. júlí 2013 með síðari breytingum, um stjórn, fundarsköp, ritun fundargerða og meðferð mála. Ungmennaráð kemur erindum sínum til sveitarstjórnar með bréfi eða tölvupósti. Fundargerðir eru teknar til kynningar á sveitarstjórnarfundum.

Í fjárhagsáætlun Hörgársveitar skal ákvarða fjárheimildir til verkefna ungmennaráðs, s.s. þóknun vegna funda og fræðslu.

III. kafli. Réttindi og skyldur nefndarmanna.

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 139/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og gildandi samþykktar um stjórn og fundarsköp Hörgársveitar.

Fulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll komi í veg fyrir mætingu. Sé fulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til starfsmanns ungmennaráðs og boða varamann sinn á fund.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem eru trúnaðarmerktar á grundvelli laga eða annarra reglna eða vegna mála sem ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli málsins eða lögum. Þagnarskylda helst óbreytt þótt fulltrúi hætti í ráðinu.

IV. kafli. Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi með staðfestingu sveitarstjórnar Hörgársveitar frá 31.3. 2022.